

Brauer gegn Þýskalandi

Dómur frá 28. maí 2009

Mál nr. 3545/04

8. gr. Réttur til friðhelgis einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Erfðaréttur. Börn fædd utan hjónabands.

1. Málsatvik

Kærandi, Brigitte Brauer, er þýskur ríkisborgari, fædd árið 1948 og býr í Lennestadt í Þýskalandi. Kærandi fæddist utan hjónabands og gekkst faðir hennar við henni. Þau höfðu reglulegt samband þrátt fyrir að hún væri búsett í Austur-Þýskalandi og hann í Vestur-Þýskalandi. Faðir hennar var ókvæntur og átti enga aðra afkomendur, en átti nokkra fjarskylda ættingja. Við lát föður hennar krafðist kærandi viðurkenningar á erfðarétti sínum fyrir dómstólum. Kröfu hennar var hafnað, þar sem hún hefði fæðst fyrir 1. júlí 1949 og væri því samkvæmt landsrétti ekki lögbundinn erfingi föður síns. Þar sem faðir hennar hafði verið búsettur í Vestur-Þýskalandi við sameiningu Þýskalands, gat kærandi ekki borið fyrir sig lög Austur-Þýskalands, sem mæltu fyrir um jafnan erfðarétt skilgetinna og óskilgetinna barna. Í nóvember 2003 hafnaði stjórnlagadómstóll kröfu kæranda þar sem reglur um erfðaréttindi barna, sem fædd væru utan hjónabands fyrir 1. júlí 1949, hefðu áður verið taldar í samræmi við stjórnarskrá. Sú dagsetning, sem miðað var við, hélt enn gildi sínu þrátt fyrir að börn sem væru fædd utan hjónabands í Austur-Þýskalandi hefðu sömu réttindi og þau sem fæðst hefðu innan hjónabands.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi bar fyrir sig að brotið hefði verið á réttindum hennar samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans, þar sem hún hefði ekki fengið að njóta erfðaréttar eftir lát föður síns.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að óumdeilt væri að tiltekin lagaákvæði landsréttar í Þýskalandi hefðu skapað þá aðstöðu að með barn sem fætt væri utan hjónabands fyrir viðmiðunardagsetninguna, 1. júlí 1949, væri farið á annan hátt, ekki aðeins miðað við börn sem fædd voru í hjónabandi heldur einnig miðað við börn sem fædd voru utan hjónabands fyrir viðmiðunardagsetninguna og ættu föður sem búið hafði í Austur-Þýskalandi fyrir sameiningu þýsku ríkjanna. Dómstóllinn taldi slíka mismunun ekki vera réttlætanalega nú, þar sem þýskt samfélag hefði þróast töluvert síðan lögin voru sett og börn fædd innan og utan hjónabands nytu nú sömu réttarstöðu. Jafnframt væri nú auðveldara að færa sönnur á faðerni barna en á þeim tíma, er lögin voru sett. Faðir kæranda hefði einnig lýst því yfir að hann væri faðir hennar og haft við hana reglulegt samband þrátt fyrir erfiðar aðstæður fyrir sameiningu Þýskalands. Eftir sameiningu Þýskalands hefði landsrétti verið breytt á þann veg að börn, sem fædd væru utan hjónabands og ættu föður, sem búsettur væri í Vestur-Þýskalandi, ættu nú aukinn rétt. Sú breyting hefði þó aðeins aukið á mismunun einstaklinga, sem voru í sömu stöðu og kærandi. Kærandi hefði jafnframt verið svipt erfðarétti sínum bótalaust.

Dómstóllinn taldi slíka mismunun ekki réttlætanalega nú á tímum, sérstaklega þar sem hindrun kæranda á að njóta lögbundins erfðaréttar síns hefði komið harðar niður á henni en öðrum einstaklingum, sem kært hefðu svipuð brot fyrir dómstólnum. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið á rétti kæranda samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans.